

REGLUGERÐ

um öruggan flutning hættulegra efna með loftförum.

Efnisyfirlit:

1. Orðaskýringar
2. Gildissvið
3. Flokkun
4. Takmarkanir á loftflutningum með hættuleg efni
5. Pökkun
6. Merkingar
7. Ábyrgð sendinga
8. Ábyrgð flugrekenda
9. Ákvæði um upplýsingar
10. Fræðsla
11. Önnur ákvæði
12. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegra efna í flugi

1.0 Orðskýringar.

Pegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Alsprenging (Mass explosion): Sprenging sem tekur til alls sprengiefnafarmsins í einni svipan.

Alvarleg meiðsl (Serious injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og

- a) hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkrahússvist er hefst innan 7 daga frá þeim degi er meiðslin áttu sér stað, eða
- b) eru fólgin í beinbroti (þó eru undanþegin lokuð brot á fingrum, tám eða nefi), eða
- c) eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
- d) eru fólgin í áverka á innra líffæri, eða
- e) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða einhvers bruna er nær til meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
- f) eru fólgin í því að maður hafi orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.

Eldnæmur vökvi (Pyrophoric liquid): Vökvi sem fyrirvaralaust getur kviknað í ef hann kemst í snertingu við loft sem er 55 °C heitt eða kaldara.

Eldvirkt efnasamband (Pyrotechnic substance): Efnablanda eða efnasamband sem ætlað er að hafi áhrif með hita, ljósi, hljóði, gasi eða reyk eða samblandi alls þessa fyrir tilverknað útverminna efnahvarfa án sprenginga eða utan að komandi áhrifa.

Farþegaloftfar (Passenger aircraft): Loftfar sem flytur fólk annað en flugverja, starfsmenn flugrekanda, fulltrúa ríkisstofnunar eða umsjónarmenn flutnings.

Flugliði (Flight crew member): Áhafnarliði, sem er handhafi skírteinis sem út hefur verið gefið eða fullgilt af flugmálastjórn og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda flugrekstur.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

- Flugverji** (Crew member): Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur.
- Hlífðarumbúðir** (Overpack): Umbúðir sem einstakur sendandi notar utan um einn eða fleiri pakka, til þess að mynda einingu til hagræðingar í flutningi og geymslu.
- Óhapp í tengslum við hættuleg efni** (Dangerous goods incident): Atvik, annað en slys í tengslum við hættuleg efni, tengt loftflutningi hættulegra efna, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari og hefur í för með sér meiðsl á manni, eignatjón, eldsvoða, brot, leka á menguðum vökva eða geislavirkni eða önnur ummerki er benda til þess að umbúðir hafi bilað. Sérhvert atvik tengt flutningi hættulegra efna sem stofnar loftfari eða áhöfn þess í hættu.
- Ósambýðanlegt efni** (Incompatible): Notað um hættuleg efni sem hætt er við að valdi útstreymi hita eða gass, eða myndi tærandi efni ef þeim er blandað saman.
- Pakki** (Package): Frágengin sending, umbúðir og innihald, tilbúinn til flutnings.
- Pökkun** (Packing): Sú athöfn að koma hlutum eða efnum fyrir í tryggum og hæfum umbúðum.
- Rétt sendingarheiti** (Proper shipping name): Heiti sem notað er um tiltekinn hlut eða efni þar sem við á í öllum fylgiskjölum og merkingum á sendingunni.
- Ríki flugrekanda** (State of operator): Ríki þar sem flugrekandinn hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá fast heimilisfang.
- Ríki sendanda** (State of origin): Ríki þar sem vörusendingu var fyrst komið í loftfar.
- Slys í tengslum við hættuleg efni** (Dangerous goods accident): Atvik tengt loftflutningi hættulegra efna, sem hefur í för með sér banvæn eða alvarleg meiðsl á manni eða meiri háttar eignatjón.
- Sprengiefnasamband** (Explosive substance): Fljótandi eða fast efni eða efnablanda, sem getur með efnahvarfi, án utanaðkomandi áhrifa, myndað gas við þann hita og þrýsting og á þeim hraða sem valdið getur skaða á umhverfinu. Hér með eru talin eldvirk efni, jafnvel þó þau gefi ekki frá sér gastegundir. Efni sem í sjálfu sér er ekki sprengiefni en getur myndað sprengifimt loft úr gasi, gufu eða ryki, er ekki með talið.
- Sprengihlutur** (Explosive article): Hlutur, sem í er eitt eða fleiri sprengiefni.
- Umbúðir** (Packaging): Ílát, annað efni og hlutir, sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að búa um hættulegt efni eða efnasamband, í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.
- UN-númer** (UN-number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum efnum hefur gefið hættulegu efni eða efnasambandi.
- Undantekning** (Exception): Ákvæði í reglugerð þessari, sem undanþiggur tiltekið hættulegt efni frá kröfum sem annars eiga við.
- Undanþága** (Exemption): Heimild gefin út af viðeigandi stjórnvaldi til þess að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar.
- Vöruloftfar** (Cargo aircraft): Sérhvert loftfar, annað en farþegaloftfar, sem notað er til að flytja vörur og verðmæti.
- Vörusending** (Consignment): Einn eða fleiri pakkar sem í eru hættuleg efni og sem flugrekandi tekur við af einum flytjanda og sett eru á eitt farmbréf, stílað til eins viðtakanda á einum ákvörðunarstað.

2.0 Gildissvið.

- 2.1. Reglugerð þessi skal gilda við flutning með loftförum skrásettum á Íslandi og erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir. Þær gilda einnig um erlend loftför sem hafa viðkomu á Íslandi eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði. Hluti reglugerðarinnar er Handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO-TI), „Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air“, ICAO Doc. 9284-AN/905.

Hlutaðeigandi ríki geta veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar brýna nauðsyn ber til, þegar annars konar flutningar eiga ekki við, eða þegar ekki er af öðrum sökum unnt að fara eftir reglugerðinni vegna almannaheilla, ef þess er gætt að í slíkum tilvikum sé allt gert til þess að gætt sé sama öryggis og reglugerðin gerir ráð fyrir.

Ath. 1: Með hlutaðeigandi ríkjum er átt við:

- a) ríki þar sem flutningurinn hefst,
- b) ríki sem flogið er um og lent í,
- c) ríki sem flogið er yfir,
- d) ríki sem er áfangastaður vörunnar,
- e) ríki þar sem flugrekandinn hefur aðsetur.

Ath. 2: Til þess að unnt sé að fara eftir reglunum verður „ICAO-TI“ að vera tiltæk. Handbók þessi er endurútgefin reglulega og fæst hún hjá flugmálastjórn.

- 2.2. Reglurnar gilda ekki um þær vörur sem flokkaðar eru sem hættuleg efni, ef þær eru nauðsynlegar fyrir lofthæfi loftfars eða fyrir áhöfn og öryggi farþega. Slíka hluti má hafa meðferðis til vara, en rafgeyma, loftflöskur og neyðarblys ber að hafa í sterkum umbúðum. Ekki er leyfilegt að hafa meira en einn neyðarbúnað (aircraft survival kit), gúmbát eða neyðarfleka í hverju einstöku lestarrými sem ekki er hægt að komast í á meðan á flugi stendur.

3.0 Flokkun.

3.1. Flokkaskipting hættulegra efna.

- 3.1.1. Hættulegum efnum skal skipta í eftirfarandi 9 flokka og undirflokka eftir því sem við á:

Flokkur 1: Sprengiefni

- 1.1. Hlutir og efnasambönd sem geta valdið alsprengingu.
- 1.2. Hlutir og efnasambönd sem fela í sér hættu á þeytikrafti en ekki alsprenghættu.
- 1.3. Hlutir og efnasambönd sem eldhætta, minniháttar sprengi- og/eða þeytikraftur stafar af en ekki alsprenghætta.
- 1.4. Hlutir og efnasambönd sem engin meiriháttar hætta stafar af.
- 1.5. Mjög ónæm efnasambönd sem geta valdið alsprenghættu.

Flokkur 2: Gastegundir:

Samanþjappaðar, vökvakenndar, uppleystar undir þrýstingi eða djúpfrystar.

Flokkur 3: Eldfimir vökvar.

Flokkur 4: Eldfim föst efni:

Efnasambönd sem hætt er við sjálfsíkveikju, efnasambönd sem gefa frá sér eldfimar gastegundir ef þau komast í snertingu við vatn:

- 4.1. Eldfim föst efni.
- 4.2. Efnasambönd sem hætt er við sjálfsíkveikju.
- 4.3. Efnasambönd sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir þegar þær komast í snertingu við vatn.

Flokkur 5: Lífræn efnasambönd sem tengjast súrefni.

- 5.1. Efnasambönd sem tengjast súrefni önnur en lífræn peroxíð.
- 5.2. Lífræn peroxíð.

Flokkur 6: Eitruð efni og smitandi efni.

- 6.1. Eitruð efni.
- 6.2. Efni sem geta valdið smitun.

Flokkur 7: Geislavirk efni.**Flokkur 8: Tærandi efni.****Flokkur 9: Ýmis konar hættulegur varningur.**

Ath. 1: Nákvæmar skilgreiningar sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna mælir með á hinum margvíslegu flokkum hættulegra efna sem taldir eru hér á undan, er að finna í „ICAO Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air“ (ICAO-TI).

Ath. 2: Hættustig efnanna verður ekki ráðið af röð þeirra í flokka.

3.2. Flokkun.

3.2.1. Vörur og efnasambönd ber að flokka samkvæmt reglum í „ICAO-TI“ eins og skýrt er frá hér að framan.

3.2.2. Vörur og efnasambönd, sem ekki er kveðið á um í „ICAO-TI“ og setja má í fleiri en einn flokk, ber að flokka með hliðsjón af þeirri hættu sem talin er mest við flutninginn. Við annarri hættu skal bregðast með því að fara eftir þeim reglum sem er að finna í „ICAO-TI“

3.3. Hættuleg efni sem ekki eru skilgreind á annan hátt.

3.3.1. Í „ICAO-TI“ er að finna lýsingu á vörum og efni sem flytja má flugleiðis, þó að þau séu ekki sérstaklega nefnd réttu heiti. Þessi efni og þessar vörur eru nefnd óskilgreind „n.o.s. — not otherwise specified —“ í „ICAO-TI“

4.0 Takmarkanir á loftflutningum með hættuleg efni.**4.1. Hættuleg efni sem leyfilegt er að flytja flugleiðis.**

4.1.1. Því aðeins er leyfilegt að flytja hættuleg efni flugleiðis, að farið sé eftir því sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrirmælum og leiðbeiningum er finnst í „ICAO-TI“.

4.2. Hættuleg efni sem ekki má flytja flugleiðis, nema veitt sé undanþága.

Eftirfarandi hættuleg efni má ekki flytja flugleiðis nema veitt sé undanþága af hlutaðeigandi ríkjum, sbr. gr. 2.1.:

- a) Vörur og efnasambönd, þar með talin þau sem eru á skrá yfir hættuleg efni í „ICAO-TI“ sem bönnuð efni, nema þess sé getið að þau megi flytja samkvæmt heimild ríkis sendanda.
- b) Geislavirk efni sem jafnframt eru sprengiefni.
- c) Sýkt lifandi dýr.

4.3. Hættuleg efni sem skilyrðislaust er bannað að flytja flugleiðis.

Þau hættuleg efni sem talin eru hér á eftir skulu alls ekki flutt flugleiðis:

- a) vörur og efnasambönd sem samkvæmt „ICAO-TI“ er algjörlega bannað að flytja flugleiðis,
- b) sprengiefni sem eru eldfim og hætt er við að sundrist ef þau eru í 75 gráðu hita í 48 klst,
- c) sprengiefni sem í eru bæði klóröt og ammoníumsölt,
- d) sprengiefni sem í er blanda af klórati og fosfór,
- e) föst sprengiefni sem samkvæmt flokkun eru talin sérstaklega viðkvæm fyrir hnjaski,
- f) fljótandi sprengiefni sem samkvæmt flokkun eru talin í meðallagi viðkvæm fyrir hnjaski,
- g) öll efnasambönd sem geta gefið frá sér hættulegan hita eða hættulegar gastegundir við það ástand sem er talið eðlilegt við loftflutninga,
- h) geislavirk efni sem verða eldnæm í lofti, og
- i) eldfim föst efni og lífræn peroxíð sem rannsóknir hafa sýnt að hafa þann eiginleika að springa og þannig er um búið að samkvæmt kröfum í reglugerð þyrfti að merkja nánar með aukamiða um sprengihættu.

5.0 Þökkun.**Almennt.**

- 5.1.1. Við loftflutninga allra hættulegra efna skal fara eftir þeim almennu reglum um þökkun sem tilgreindar eru í þessum kafla. Þetta á þó ekki við um vörur og efni í flokki 7. Til viðbótar þessum almennu reglum eru kröfurnar sem tilgreindar eru í „ICAO-TI“.
- 5.1.2. Ákvæði um flokk 7 skulu gilda eins og þau eru í „ICAO-TI“.
- 5.1.3. Hættulegum efnum ber að pakka í umbúðir í háum gæðaflokki og skulu þær vera þannig gerðar að þær leki ekki við venjulegar flugaðstæður vegna breytinga á hita, raka eða þrýstingi eða við titring. Hvers kyns töppum og öðrum þrýstilokum skal haldið föstum með öruggum aðferðum.

5.2. Umbúðir.

- 5.2.1. Umbúðir skulu vera prófaðar samkvæmt reglum „ICAO-TI“.
- 5.2.2. Ílát sem eru í beinni snertingu við hættuleg efni, eiga að standast efnafræðilegar verkanir og aðrar verkanir frá vörunni. Í efni ílátanna má ekki vera neitt sem getur myndað hættulegt efnahvarf við innihaldið, myndað hættuleg efni eða veikt ílátin. Ekki má nota plastefni sem getur við eðlilega loftflutninga eða vegna efnafræðilegra breytinga á innihaldinu eða vegna notkunar kæliefnis mýkst, orðið stökkt eða lekt.
- 5.2.3. Engin ílát má endurnota fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að þau hafi ekki orðið fyrir neinni tæringu eða öðrum skaða. Þegar ílát er notað aftur, ber að sjá um að efnið sem í það er sett, eiturmengist ekki.

- 5.2.4. Ef hætta getur stafað af óhreinsuðum tómum ílátum vegna eiginleika þeirra efna sem áður hafa verið í þeim, skal loka þeim og meðhöndla þau í samræmi við þá hættu sem af þeim stafar.
 - 5.2.5. Ekki má setja hættulegt efni í sömu ytri umbúðir og annað hættulegt efni, eða annað efni sem hætta stafar af þegar þau eru saman.
 - 5.2.6. Aðalumbúðir, þar með taldar samsettar umbúðir, sem sérstaklega er ætlað að halda vökva, skulu þola þann þrýsting sem tilgreindur er í „ICAO-TI“ án leka.
 - 5.2.7. Búa skal um innri umbúðir á tryggilegan hátt, setja við þær höggdeyfa eða púða til að hindra leka og hnjask ef þær hreyfast í ytri umbúðum við eðlilegar aðstæður í loftflutningum. Efni sem deyfa högg eða eru gleypin, mega ekki valda hættu ef þau snerta innihaldið.
- 5.3. **Stærð umbúða.**
Umbúðirnar þurfa að vera a. m. k. svo stórar að unnt sé að merkja þær í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“.

6.0 Merkimiðar og merkingar.

- 6.1. **Merking hættuflokka.**
Allar umbúðir utan hættuleg efni skulu vera merktar með viðeigandi merkimiðum í samræmi við ákvæði í „ICAO-TI“, nema þar sé öðruvísi kveðið á um.
- 6.2. **Merkingar um meðferð.**
Merkja skal hvern pakka af hættulegum efnum með merkimiða sem tilgreinir hvernig hann skuli meðhöndlaður eins og sýnt er í „ICAO-TI“, nema þar sé öðruvísi ákveðið.
- 6.3. **Merking sérhæfðra umbúða.**
Umbúðir um hættuleg efni í loftflutningum sem fullnægja kröfum „ICAO-TI“ um sérhæfingu slíkra umbúða, skulu ef ekki er öðruvísi kveðið á um í „ICAO-TI“ bera merkingar framleiðanda er veita upplýsingar í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“ nema þær fullnægi þeim.
- 6.4. **Merkingar umbúða með réttu sendingarheiti.**
Skylt er að merkja allar umbúðir um hættulegar vörur, þannig að fram komi rétt sendingarheiti vörunnar, viðeigandi UN-númer, ef um það er að ræða, ásamt öllum öðrum merkjum sem ákvæði eru um í „ICAO-TI“ ef ekki er þar kveðið á um annað.
- 6.5. **Óleyfilegar merkingar.**
Óleyfilegt er að merkja pakka sem í eru fljótandi hættuleg efni með örvum, nema til þess að sýna hvernig hann á að snúa. Nota má merkimiða fyrir pakka sem fullnægja kröfum ISO-staðals R 780-1978 ásamt „ICAO-TI“ merkjum, að því tilskildu að bæði merkin gefi sömu lýsingu á því sem í pakkanum er.
- 6.6. **Tungumál á merkingum.**
Við merkingu hættulegrar vöru skal auk íslensku nota ensku við slíkar merkingar.

7.0 Ábyrgð sendanda.

- 7.1. **Almennt.**
Áður en nokkur afhendir pakka sem í eru hættuleg efni til loftflutnings, ber honum að ganga úr skugga um að ekki sé bannað að flytja vöruna flugleiðis, að hún sé rétt

flokkuð, pökkuð og merkt og að henni fylgi fullnægjandi flutningsskjöl eins og kveðið er á um í þessari reglugerð og að það sé gert í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“.

7.2. Flutningsskjöl fyrir hættuleg efni.

- 7.2.1. Þeim sem afhendir pakka til loftflutninga sem inniheldur hættuleg efni, ber að fylla út og undirrita flutningsskjöl í tvíriti þar sem fram koma þær upplýsingar sem kveðið er á um í „ICAO-TI“.
- 7.2.2. Í flutningsskjölum skal vera yfirlýsing frá þeim sem afhendir hættulega vöru til flutnings, þar sem vörunni er fullkomlega og réttilega lýst með réttu tækniheiti, hún flokkuð, pökkuð og merkt fyrir flutning flugleiðis í samræmi við gildandi reglugerðir.

7.3. Farmbréf.

- 7.3.1. Í farmbréfi skal koma fram að í vörusendingunni sé hættuleg vara eins og henni er lýst í meðfylgjandi flutningsskjölum og að sendinguna megi aðeins flytja með loftfari ef ákvæði eru á þá leið.

7.4. Tungumál.

Nota skal ensku auk íslensku í flutningsskjölum er fylgja hættulegum efnum.

8.0 Ábyrgð flugrekanda.

Ekki má túlka þessar reglur þannig að flugrekanda beri að flytja tilteknar vörur og efni. Ekki má heldur túlka þessa reglur þannig að flugrekandi geti ekki sett sérstakar eigin reglur um flutning á tilteknum vörum.

8.1. Móttaka til flutnings.

Flugrekandi má ekki taka við pakka eða hlífðarumbúðum, sem í eru margir pakkar með hættulegum efnum til flugflutnings, nema

- a) fylgiskjöl séu rétt, merking og pökkun sé í samræmi við ákvæði í „ICAO-TI“,
- b) hann hafi gengið úr skugga um að varan sé merkt á réttan hátt og hvorki sé um leka né skemmdir á umbúðunum að ræða.

Ath. 1: Sjá kafla 12 hér á eftir um tilkynningarskyldu um skemmdir.

Ath. 2: Sérstakar reglur um móttöku hlífðarumbúða er að finna í „ICAO-TI“.

8.2. Gátlisti fyrir móttöku hættulegra efna.

- 8.2.1. Flugrekanda er að útbúa og nota gátlista við móttöku hættulegrar vöru í samræmi við gr. 8.1. hér að framan.

8.3. Sködduð sending með hættuleg efni.

- 8.3.1. Ekki má hlaða pakka eða hlífðarumbúðum með vörusendingu hættulegra efna í loftfar eða gám, fyrr en rétt fyrir slíka hleðslu hafi verið gengið úr skugga um að ekki sé um neinn leka né skemmdir að ræða.
- 8.3.2. Ekki má setja gám í loftfar fyrr en hann hefur verið skoðaður og tryggt er að hvorki sé um leka né skemmdir á hinu hættulega efni að ræða.
- 8.3.3. Ef umbúðir um hættulegt efni sem hlaðið er í loftfar virðast skemmdar eða þær leka, ber flugrekandanum að fjarlægja slíkan varning úr loftfarinu eða sjá til þess að videigandi yfirvöld eða stofnun geri það. Flugrekandanum ber síðan að ganga úr skugga um að það sem eftir er af vörusendingunni sé í hæfu ástandi fyrir loftflutning og að engar aðrar umbúðir hafi mengast eða eiturmengast.

8.4. Takmarkanir á flutningi í farþegarými eða stjórnklefa.

Hættuleg efni má hvorki flytja í rými sem ætlað er farþegum né í stjórnklefa. Það á þó ekki við um vörur sem skilgreindar eru í gr. 2.4.1. og 2.4.3. hér að framan og ekki heldur um þær geislavirku vörur sem eru flokkaðar sem „undanþegnar geislavirkar vörur „(Expected radioactive materials)“ í ákvæðum „ICAO-TI“.

8.5. Hleðsla ósambýðanlegra hættulegra efna.

Pökkum sem í eru hættuleg efni sem hafa í för með sér möguleika á hættulegum efnahvörfum ef þau komast í snertingu hvort við annað, skal ekki hlaða nærri hvor öðrum í loftfari, þannig að loku sé skotið fyrir slíka hættu ef leki kemur að einhverjum umbúðum.

Ath.: Lágmarkskröfur um hleðslu slíkrar vöru er að finna í „ICAO-TI“.

8.6. Eftirlit með skemmdum eða leka.

Athuga ber umbúðir sem í eru hættuleg efni, nema þau sem eru flutt í gámi, með hliðsjón af skemmdum eða leka þegar loftfarið er affermt. Ef skemmd eða leki kemur í ljós, er skylt að rannsaka vandlega þann stað í loftfarinu þar sem hinu hættulega efni var komið fyrir og hreinsa burt þaðan alla eiturmengun og öll óhreinindi sem kynnu að hafa hættu í för með sér.

8.7. Eitur, smitefni og geislavirkar vörur.

8.7.1. Flugrekanda ber skylda til að fullnægja þeim sérstöku kröfum um móttöku og loftflutning á eitri, smitefnum og geislavirkum vörum sem gerðar eru í „ICAO-TI“.

8.7.2. Hvorki er leyfilegt að flytja eftirfarandi í sama vörurými né efni sem eru merkt sem eitur eða vitað er að eru eitruð eða geta valdið smitun (Flokkur 6):

a) dýr,

b) vörur merktar sem matvæli eða vitað er að eru hráefni í matvæli, fóður eða annað ætílegt sem ætlað er sem fæða handa mönnum eða dýrum, ef eitrunu og matvælnum er ekki komið fyrir í sérstöku gámum sem standa fjarri hvor öðrum.

8.7.3. Ef geislavirkt efni hefur lekið út eða eiturmengað loftfar, er skylt að taka loftfarið þegar úr umferð, þar til geislavirkni og hreinsanleg mengun á öllum aðkvæmum stöðum er innan þess lágmarks sem kveðið er á um í „ICAO-TI“.

8.7.4. Í loftflutningum skal gæta þess að pökkum sem í eru geislavirk efni sé komið fyrir í fjarlægð frá fólki, lifandi dýrum og óframkölluðum filmum, í samræmi við ákvæði um slíka flutninga, sem er að finna í „ICAO-TI“.

8.8. Hættuleg efni bundin niður.

Flugrekandinn skal varna því að sendingar hættulegra efna skaddist í loftflutningum, með því að tryggja að varan sé þannig bundin og fest að hún hreyfist ekki úr stað. Þegar um er að ræða geislavirkt efni ber að fara eftir ákvæðum um bil milli vörusendinga í gr. 8.7.4. hér að framan þegar varan er bundin föst.

8.9. Hleðsla í vöruloftfar.

Ef ekki er öðruvísi kveðið á um í „ICAO-TI“ ber að hlaða pökkum sem í eru hættuleg efni og merktir eru „Cargo Aircraft only“ þannig að áhöfn og aðrir aðilar sem til þessa hafa umboð, geti þekkt og fært sundur slíka pakka meðan á flugi stendur.

9.0 Ákvæði um upplýsingar.

9.1. **Upplýsingar fyrir flugstjóran.**

Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóra loftfars, sem á að flytja hættuleg efni séu afhentar eins fljótt og unnt er fyrir flugtak, þær skriflegu upplýsingar sem kveðið er á um í „ICAO-TI að fylgja skuli.

9.2. **Upplýsingar og fyrirmæli fyrir flugliða.**

Flugrekanda ber skylda að hafa þess konar upplýsingar í flugrekstrarbók sinni, að flugliðar geti rækt skyldur sínar við flutning hættulegra efna. Í flugrekstrarbók er enn fremur skylt að hafa fyrirmæli um aðgerðir áhafnar ef neyðarástand skapast.

9.3. **Upplýsingar fyrir farþega.**

Flugrekandi skal sjá svo um að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega, þannig að þeir séu varaðir við þeim hættulegu eignum sem þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum, bæði í handfarangri og í öðrum farangri í farangursgeymslu.

9.4. **Upplýsingar fyrir aðra hlutaðeigandi aðilja.**

Flugrekandi, sendandi eða aðrir, sem á einhvern hátt tengjast loftflutningi hættulegra efna, skulu veita starfsfólki sínu þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt skyldur sínar við flutninginn. Enn fremur skal veita starfsfólkinu nægilegar leiðbeiningar um þær aðgerðir sem því er skylt að framkvæma ef neyðarástand skapast í sambandi við flutning hættulegrar vöru.

9.5. **Upplýsingar flugstjóra til flugvallaryfirvalda.**

Ef neyðarástand verður í flugi ber flugstjóranum skylda til að tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarstjórn til þess að hún láti rétt flugvallaryfirvöld vita að hættuleg efni séu um borð. Ef unnt er, skal hann tilkynna um heiti, flokk, magn og hvar efnin eru í loftfarinu.

9.6. **Upplýsingar við slys eða óhapp.**

9.6.1. Ef flugslys verður og hættuleg efni eru meðferðis, skal hlutaðeigandi flugrekandi tilkynna flugmálastjórn þess ríkis þar sem slysið varð eins fljótt og unnt er, um heiti, flokk, aukamerkingar vegna flokkunar sprengiefnis eða annarra efna, skv. „ICAO-TI“, samþýðanleika við Flokk 1, magn og hvar í loftfarinu hið hættulega efni er.

9.6.2. Ef loftfar sem flytur hættuleg efni, verður fyrir óhappi, ber flugrekandanum, ef hann er um það krafinn, að láta flugmálayfirvöldum hlutaðeigandi ríkis þar sem óhappið eða slysið varð, í té allar upplýsingar um farminn til þess að minnka hættu vegna skemmda í hinum hættulega farmi.

10.0 Fræðsla og þjálfun.

10.1. Sérhver flugrakandi skal, í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“, halda þjálfunar- og endurþjálfunarnámskeið fyrir viðkomandi starfsfólk sitt um flutning hættulegra efna.

11.0 Önnur ákvæði.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með móttöku og umbúnaði hættulegra efna til póstsendinga með loftförum.

12.0. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegra efna í flugi.

Flugrekendur skulu án tafar tilkynna flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp sem stafa af meðferð hættulegra efna, eftir að þau hafa verið afhent til flutnings með loftförum.

13.0 Gildistaka o.fl.

- 13.1. Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga nr. 34/1964 nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.
- 13.2. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472 15. nóvember 1979 um flutning á hættulegum efnum og segulmögnum hlutum með loftförum.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra
samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 150 fyrir hvert viðtal á læknisstofu og kr. 280 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Í vitjunargjaldi eru innifaldar kr. 65 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar samlagslæknis og dragast þær frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjenda hans þegar reikningur er greiddur til samlagsmanna, er njóta lækniþjónustu, sem byggist á samningi við heimilislækna.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og II greiðir samlagsmaður fyrstu 400 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 130 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 100 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald sbr. 1. málsg. fyrir hvert 100 daga tímabil eða brot úr því.